



Landsfundur

Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Grand hótél 6.–8. október 2017

Drög að nýjum stefnum

-gerum betur

Efnisyfirlit

1. Tillaga að stefnu VG í atvinnumálum	3
2. Tillaga að stefnu VG í efnahagsmálum	5
3. Tillaga að stefnu VG í neytendamálum	12
4. Tillaga að stefnu VG í orkumálum.....	15
5. Tillaga að stefnu VG í sjávarútvegsmálum.....	19
6. Tillaga að stefnu VG í vinnumarkaðs- og verkalýðsmálum.....	22
7. Tillaga að viðauka við lýðræðis- og mannréttindastefnu VG	25

1. Tillaga að stefnu VG í atvinnumálum

2. Mikilvægt er öflugt og fjölbreytt atvinnulíf geti þrífist um allt land í sátt við náttúruna og umhverfið.
3. Vinstri græn leggja áherslu á að öllum séu tryggð tækifæri til atvinnu við hæfi á mannsæmandi
4. kjörum og að til staðar séu forsendur sem tryggi öllum jöfn tækifæri atvinnusköpunar.
5. Atvinnustefna Vinstri grænna byggir á sanngjörnum kjörum, réttlátu skattkerfi, öflugri menntun,
6. samvinnu, sjálfbærni, jöfnuði og félagslegu réttlæti. Hún skapar tækifæri til uppbyggingar um allt
7. land.
8. **Réttindi launafólks**
9. Vinstri græn standa með launafólki og stéttarfélögum þeirra í baráttunni fyrir réttindum og bættum
10. kjörum.
11. Laun þurfa að lágmarki að duga fyrir grunnframfærslu, vinnuvikan á að stytast án kjaraskerðingar
12. og upphæðir almannatrygginga að fylgja launaþróun. Tryggja þarf þeim sem hafa fallið út af
13. vinnumarkaði starfsendurhæfingu við hæfi í samstarfi við sveitarfélög. Launamuni kynjanna þarf að
14. útrýma nú þegar og jafna kjör á milli stétta, sér í lagi þar sem eitt kyn er í miklum meirihluta.
15. Fjölga þarf möguleikum á menntun og þróun í starfi til þess að launafólk hafi aukin tækifæri og betri
16. kjör. Tryggja þarf að komandi breytingar í atvinnuháttum vegna tækniþróunar verði til hagsbóta fyrir
17. almenning og verði ekki til þess að skerða kjör launafólks.
18. Þeim sem ekki eru launþegar þarf að tryggja framfærslu án skilyrða. Brýnt er að tryggja réttindi ungs
19. fólks sem er að fóta sig á vinnumarkaði og huga þarf sérstaklega að þeim sístækkandi hópi sem
20. þiggur óregluleg laun fyrir vinnu sína.
21. Koma þarf í veg fyrir mansal, misnotkun á vinnuafli og félagslegt undirboð með samstarfi
22. við verkalýðshreyfinguna, öflugra eftirliti með vinnumarkaðnum og ríkulegum framlögum til
23. mansalsáætlunar stjórnvalda. Innleiða þarf keðjuábyrgð í lög þannig að ekki sé hægt að vísa allri
24. ábyrgð á undirverktaka.
25. Skattkerfið ber að nýta til kjarajöfnunar. Tryggja þarf fjölþrepa skattkerfi sem færir skattbyrðina af
26. lægri launum yfir á hærra laun, óháð því hvort um er að ræða launatekjur eða fjármagnstekjur. Berjast
27. þarf gegn hvers kyns skattsvikum og svartri atvinnustarfsemi enda sviptir hún launafólk því öryggi og
28. þeim réttindum sem stéttarfélögin veita.
29. **Atvinnuþróun og innviðir**
30. Til að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi um allt land er mikilvægt að tryggja að til staðar séu forsendur
31. fyrir atvinnusköpun. Þar skipta bæði innviðir og stuðningskerfi sem miðar að uppbyggingu
32. sjálfbærrar atvinnustarfsemi lykilmáli.
33. Framtíðin þarf að byggjast á jöfnum tækifærum öllum til handa, virðingu fyrir náttúrunni og
34. gróskunni sem þrífst í fjölbreytninni en ekki stórum heildarlausnum. Þörf er á nýrri nálgun sem gengur
35. út frá sjálfbærni, samvinnu, jöfnuði og félagslegu réttlæti.

36. Tryggja þarf jöfn tækifæri til atvinnusköpunar um allt land með markvissri uppbyggingu samgangna,
 37. fjarskiptum, háhraðanettengingar, menntunartækifæra, heilbrigðisþjónustu og annarrar
 38. grunnþjónustu. Einnig er mikilvægt að jafna búsetukostnað um allt land og tryggja samfélagsleg
 39. úrræði á húsnæðismarkaði. Gera þarf fólki af öllum kynjum kleift að sinna störfum sínum í ríkara mæli
 40. óháð staðsetningu, meðal annars með aukinni nýtingu tölvutækni, og auðvelda stofnun og umsýslu
 41. lítilla fyrirtækja.
42. Stefna um búsetumynstur til framtíðar á að byggjast á skilgreindum vaxtarsvæðum og miða að
 43. markvissri uppbyggingu landsbyggðarinnar á þeim. Um leið skal unnið áfram á grundvelli sértækra
 44. aðgerða með íbúum þeirra svæða sem brothættust eru í byggðalegu tilliti, t.d. þar sem konum fækkar
 45. mest.
46. Mikilvægt er að styrkja og auka fjölbreytni opinberra sjóða sem styðja við og fjárfesta í rannsóknum,
 47. nýsköpun og skapandi greinum. Áhersla skal lögð á græna hvata og sterkari tengingu háskólastigsins
 48. við nýsköpunar- og sprotastarfsemi. Það skapar forsendur fyrir þekkingariðnað sem stuðlar að aukinni
 49. verðmætasköpun. Þannig er einstaklingsframtakið virkjað best, möguleikum fyrir félagslegan rekstur
 50. fjölgar og rekstrarforsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og sprotafyrirtækja styrkjast.
51. Skapa þarf svigrúm fyrir fyrirtæki sem rekin eru af starfsfólki og fjármálastofnanir í eigu almennings.
 52. Bætum lagaumhverfi til að efla atvinnulýðræði og aðkomu starfsmanna að ákvörðunum og
 53. stefnumörkun í stofnunum og fyrirtækjum. Rétt er að búa einnig í haginn fyrir stofnun lýðræðislegra
 54. fyrirtækja og fjármálastofnana sem eru í eigu og undir stjórn starfsmannanna sem þar vinna og veita
 55. þeim beina hlutdeild í arðinum af eigin vinnu.
56. Stuðningskerfi atvinnulífsins þarf að stuðla að og endurspeglar fjölbreytt atvinnulíf. Koma þarf
 57. á lýðræðislegu samráði og samtali sem víðast í samfélaginu um íslenskt atvinnulíf með aðkomu
 58. almennings, grasrótarsamtaka, sveitarfélaga, fræða og fyrirtækja. Meginmarkmiðið með slíkri vinnu
 59. yrði að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi í sátt við samfélag og auðlindir.
60. Standa þarf vörð um auðlindir landsins og tryggja að núverandi kynslóðir skili þeim í betra ástandi til
 61. komandi kynslóða. Auðlindanýting, hvort sem er innan sjávarútvegs, landbúnaðar, orkugeirans eða
 62. annars, skal byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og ávallt grundvallast á því að auðlindirnar
 63. séu þjóðareign og arðurinn eigi að nýtast fólkinu í landinu. Þeim sem hafa tekjur af nýtingu auðlinda,
 64. þar á meðal orkuauðlinda og sjávarauðlindarinnar, ber að greiða fyrir það sanngjarnt gjald til
 65. þjóðarinnar, eiganda auðlindanna.
66. Ljóst er að atvinnuhættir iðnríkja eru óðum að breytast með sjálfvirknivæðingu og vaxandi vægi
 67. upplýsingatækni. Ísland er þar engin undantekning. Á næstu árum og áratugum mun ráðast hvort
 68. Ísland skipar sér í flokk þjóða sem nýta framfarir í tölvu-, upplýsinga- og tæknigeiranum til að hefja
 69. uppbyggingu á nýjum grunni kvenfrelsis, jafnaðar, sjálfbærni, breytts gildismats og frjálsrar búsetu.
70. **Fyrir hönd málefnaþóps um atvinnumál,**
 71. *Elías Jón Guðjónsson og Bergþóra Benediktsdóttir*

72. 2. Tillaga að stefnu VG í efnahagsmálum

- 73. • **Skattkerfi sem stuðlar að jöfnuði**
- 74. • **Sjálfbær vöxtur**
- 75. • **Heilbriggt fjármálakerfi**
- 76. • **Eðlileg hagstjórnartæki til að efla velferðarsamfélagið**
- 77. • **Peningastefna sem fer saman við ríkisfjármálastefnu**
- 78. • **Sátt á vinnumarkaði byggist á sátt um velferðarkerfið**

79. Inngangur

80. Öflugt efnahagslíf er samtvinnað öflugum velferðarkerfi og skýrri sýn í umhverfismálum þar sem
 81. auðlindir eru nýttar með sjálfbærum hætti. Undirstaða öflugss efnahagslífs er blandað hagkerfi þar
 82. sem hinir efnamestu eru skattlagðir umfram hina tekjulægri en sú stefna hefur skilað mestri hagsæld
 83. og mestum jöfnuði. Áherslur Vinstri grænna í ríkisfjármálum taka mið af grunnstefnu hreyfingarinnar
 84. um öflugt velferðarkerfi á Íslandi og að vöxtur sé sjálfbær og gangi ekki á auðlindir. Mikilvægur
 85. grunnur að því er að skattkerfið sé skilvirkt, réttlátt, grænt, jafni tekjur og eyði aðstöðumun.

86. Ríkjandi hugmyndafræði undanfarinna áratuga um óheftan markað, umfangsminna hlutverk ríkisins
 87. og lága skatta á hæstu tekjur hefur skilað sér annars vegar í minnkandi hagsæld og í þeirri staðreynd
 88. að hagsældin skilar sér misjafnlega til almennings þannig að ójöfnuður eykst. Ójöfnuðurinn hefur
 89. ekki aðeins í för með sér minnkandi hagsæld heldur einnig vaxandi kynþáttahyggju og jaðarsetningu
 90. minnihlutahópa. Skattaskjól og aflandsfélög hafa síðan verið sérstakur vandi fyrir hagsæld sem og
 91. alþjóðleg skattasamkeppni sem gerir atvinnurekendum kleift að flytja sín fyrirtæki milli landa.

92. Þó að tekjujöfnuður sé meiri á Íslandi en víðast hvar annars staðar þá er eignastaðan mjög ójöfn.
 93. Ríkustu tíu prósentin eiga um þrjá fjórðu allra eigna en eignaminnstu 30 prósentin eiga nánast
 94. ekkert eða minna en ekkert. Aukin einkavæðing hefur svo aukið þessa misskiptingu eigna þar sem
 95. eignir hverfa úr almannaeign og verða eignamestu aðilunum að féþúfu. Til að sporna gegn þessari
 96. misskiptingu ber að nýta skattkerfið til að jafna eignastöðu. Þá sýna rannsóknir líka að flutningur
 97. fjármagns með því að draga úr tekjumun með því að styrkja stöðu hinna tekjulægstu skilar sér hratt
 98. og örugglega út í samfélagið og eykur hagsæld.

99. Mikilvægt er að á næstu misserum verði ráðist í endurskoðun á skattkerfinu með aðkomu aðila
 100. vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingarinnar, fulltrúa aldraðra, öryrkja og stúdenta með framtíðarsýn
 101. í huga. Skoða þarf líka breytingar vegna aukinnar sjálfvirkni og tæknivæðingar sem á eftir að
 102. hafa róttæk áhrif á íslenskan vinnumarkað og greina til hvaða aðgerða þarf að grípa til að tryggja
 103. mannsæmandi kjör launafólks. Um leið þurfa stjórnvöld að stuðla að aukinni verðmætasköpun
 104. í atvinnulífinu og nýsköpun á öllum sviðum til að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf
 105. og tryggja íslenskt samfélag og atvinnulíf sé sem best í stakk búið til að takast á við áskoranir
 106. tæknivæðingar, loftslagsbreytinga og annarra fyrirsjáanlegra samfélagsbreytinga. Liður í því er að ná
 107. sátt um nýja mælikvarða sem meta hagsæld, félagslegan auð, kynjasjónarmið og loftslagsmarkmið
 108. en ekki eingöngu hagvöxt sem er takmarkaður mælikvarði til þess og byggja þannig efnahagsstjórn á
 109. fjölbreyttari sjónarmiðum en nú er gert.

110. **Ríkisfjármál og skattar**

111. Ríkisfjármál eru í raun reikningshald samneyslu og samhjálpar. Þau verða að samræmast
112. markmiðum samfélagsins og því er það pólitísk ákvörðun hver útgjöldin eiga að vera og hverjar
113. tekjurnar. Skattkerfið byggist því á félagslegum og efnahagslegum markmiðum. Að mati sífellt fleiri
114. fræðimanna er skattkerfið langáhrifamesta tæki samfélagsins til að auka jöfnuð í samfélaginu.
115. Jöfnuður er í sjálfu sér ekki aðeins réttlætismál heldur líka mikilvægt hagstjórnarmarkmið. Um það
116. vitna fjöldi alþjóðlegra rannsókna og skýrslna sem allar sýna að aukinn ójöfnuður dregur úr hagvexti.
117. Efnahagsstefna sem dregur úr ójöfnuði leiðir því ekki einungis til réttlátara þjóðfélags heldur verða
118. þjóðfélögin einnig auðugri. Meiri jöfnuður leiðir því til sanngjarnari þjóðfélaga og styrkir hagkerfin.
119. Skattar eiga að tryggja öflugt velferðarsamfélag og stuðla að jöfnuði. Þess vegna hefur verið bent á
120. mikilvægi auðlegðarskatts og þrepaskipts fjármagnstekjuskatts. Slíkar aðgerðir auka að sjálfsögðu
121. jöfnuð en eru líka mikilvæg tekjuöflun til að styrkja innviði Íslensk samfélags sem hafa verið vanræktir
122. um langt skeið. Til að sú uppbygging geti farið fram með efnahagslega ábyrgum hætti er mikilvægt
123. að styrkja tekjustofna ríkisins til frambúðar. Réttlátasta leiðin til þess er að skattleggja fjármagnið
124. þar sem það er að finna. Ísland á að skipa sér í framvarðarsveit ríkja þar sem skattalegar stöðutökur
125. og brask með gjaldmiðla og skammtímagróða fjármagnshreyfingar verði skattlagt. Eðlilegt er að
126. innleiða hlutfallslega lágan auðlegðarskatt á eignir (að undanskildu íbúðarhúsnæði) og innleiða einnig
127. þrepaskiptan fjármagnstekjuskatt.
128. Þá er eðlilegt að hafa þrepaskiptan tekjuskatt þar sem ofurtekjur eru skattlagðar hlutfallslega meira
129. en lægri tekjur.
130. Til að stemma stigu við skattaundanskotum einstaklinga og fyrirtækja frá velferðarkerfinu
131. þarf að stórefla skattaeftirlit og skattrannsóknir. Nýtingu aflandsfélaga í skattaskjólum á að
132. banna eða takmarka sem kostur er. Aðgerðir í skattamálum eiga að þjóna markmiðum um öflugt
133. velferðarsamfélag, aukinn jöfnuð og önnur samfélagsleg markmið. (Sjá fylgiskjal 1)

134. **Lög um opinber fjármál**

135. Frá því að lög um opinber fjármál voru samþykkt árið 2015 hefur það verið gagnrýnt bæði á vettvangi
136. Alþingis og af ýmsum sérfræðingum að svigrúmi við beitingu ríkisfjármálanna til skynsamlegrar
137. hagstjórnar og sveiflujöfnunar séu settar of þröngar skorður. Eðlilegra væri að setja þess í stað
138. ákvæði um að hver ríkisstjórn skuli í upphafi starfstíma síns setja fram markmið í sömu efnum í
139. ríkisfjármálaáætlun í takti við alþjóðleg viðmið.
140. Hagstjórnarreglur núverandi laga um opinber fjármál ganga í raun lengra en svokölluð Maastricht-
141. viðmið og fyrir þeim eru ekki haldbær rök. Þannig getur of hröð og mikil niðurgreiðsla skulda verið
142. beinlínis skaðleg fyrir mikilvæga samfélagsinnviði, svo sem heilbrigðis- og menntakerfið. Krafan
143. um hallalaust fimm ára tímabil getur einnig hindrað virka efnahagsstjórn og tryggir ekki jafnvægi
144. og getur jafnvel verið til hindrunar því að jafnvægi náist. Á samdráttarskeiði getur reglan t.a.m.
145. hindrað virka beitingu ríkisfjármála til að örva atvinnulíf. Fimm ára viðmið er of stuttur tími þar sem
146. hagsveiflan getur verið mun lengri og samdráttarskeið kann enn að vera til staðar þótt fjármála-reglan

147. krefjist aðhaldsaðgerða sem gangi gegn ríkjandi ástandi og auki því samdráttinn. Þá er árlegt
148. hallamark 2,5% órökstutt.
149. Í heild hefur verið bent á að fjármálareglur laganna um opinber fjármál leggi ekkert til við stjórn
150. efnahagsmála á penslutíma eða í aðdraganda ójafnvægis, en geti verið til ópurftar við að vinna á
151. afleiðingum á samdráttartíma sem fylgi í kjölfarið.
152. **Heilbriggt fjármálakerfi**
153. Mjög hefur verið kallað eftir þverpólitískri og faglegri vinnu um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið
154. áður en tekur verða frekari ákvarðanir um sölu ríkisbanka. Fjalla þarf um umfang bankakerfisins.
155. Setja þarf eðlilegar reglur um eignarhald og skoða til dæmis hvernig er hægt að tryggja að íslensk
156. fjármálafyrirtæki séu ekki í eigu aflandsfélaga í skattaskjólum. Fjalla þarf um hvort reglur um
157. eiginfjárhlutfall dugi til á íslenskum markaði.
158. Ræða þarf hver eigi að vera hlutur og þátttaka ríkisins á fjármálamarkaði og gera áætlun um hvað skal
159. selja stóra hluti í þeim bönkum sem nú eru í eigu ríkisins.
160. Vinstri græn leggja áherslu á að ríkið verði áfram aðaleigandi Landsbankans. Aðskilja þarf starfsemi
161. bankanna í viðskipta- og fjárfestingastarfsemi og hins vegar í innlenda og erlenda starfsemi.
162. Skoða þarf forsendur og lagaumgjörð fyrir samfélagsbanka sem starfar samkvæmt umhverfis- og
163. samfélagssjónarmiðum
164. Greina þarf umfang svokallaðrar skuggabankastarfsemi í íslensku efnahagslífi þar sem lífeyrissjóðir
165. og önnur fyrirtæki eru orðin umfangsmiklir lánveitendur til fyrirtækja og einstaklinga. Koma þarf
166. reglum yfir lánveitingar hjá skuggabönkum, til dæmis að skuldbinda þessi fyrirtæki til að framkvæma
167. greiðsluhæfismat á öllum lánum yfir tiltekinni fjárhæð, og tryggja þannig vernd íslenskra neytenda og
168. íslenska hagkerfisins.
169. Húsnæði eru grundvallarmannréttindi og eðlilegt að áfram verði til félagslegur húsnæðislánasjóður
170. sem tryggir meðal annars lán til kaupa á húsnæði um land allt. Bregðast verður við því neyðarástandi
171. sem skapast hefur á húsnæðismarkaði þar sem framboð hefur ekki fylgt eftirspurn, ekki síst á
172. höfuðborgarsvæðinu, en ekki síður úti á landi þar sem byggingarkostnaður hefur reynst íþyngjandi
173. miðað við möguleika á lánsfé. Skoða þarf til hlítar hvort rétt er að taka húsnæðisliðinn út úr vísitölunni
174. þannig að húsnæðisverð og þróun þess hafi ekki ráðandi áhrif á verðbólguáætlungar.
175. Draga þarf úr vægi verðtryggingar með auknu framboði á óverðtryggðum lánum en einnig með því að
176. fjölga þeim tækjum sem eru fyrir hendi til að fylgja eftir peningastefnu stjórnvalda og lækka þannig
177. vaxtakostnað almennings. Þannig hafa skattalækkanir síðustu ára beinlínis unnið gegn markmiðum
178. peningastefunnar, hugsanlega með þeim afleiðingum að vextir hafa lækkað hægar en ella. Fara þarf
179. heildstætt yfir húsnæðisstuðningskerfi hins opinbera þar sem eru mörg ólík kerfi og meta hvert eigi
180. að stefna til framtíðar þannig að húsnæðisstuðningur hins opinbera verði eflur og nýttist fyrst og
181. fremst lág- og meðaltekjuhópum.

182. Endurskoða þarf lífeyrissjóðakerfið með það að markmiði að draga úr kostnaði við yfirbyggingu.
 183. Arðsemiskrafa á lífeyrissjóði sem nú er 3,5% ofan á verðtryggingu gerir það að verkum að
 184. vextir á húsnæðislán/námslán eru aldrei undir 5%. Draga má úr þessari arðsemiskröfu. Tryggja
 185. þarf að lífeyrissjóðir setji sér samfélagsleg markmið í fjárfestingum sem til að mynda uppfylla
 186. umhverfissjónarmið.

187. **Samspil efnahagsstjórnar og vinnumarkaðar**

188. Mikilvægt er að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði en sá stöðugleiki má ekki snúast um að halda
 189. láglaunahópum niðri og niðurrif velferðarkerfisins. Nýstofnað þjóðhagsráð þarf að fjalla um
 190. félagslegan stöðugleika ekki síður en efnahagslegan stöðugleika og þar þarf verkalýðshreyfingin
 191. að eiga sæti. Þá er eðlilegt að komið verði á laggirnar sem fyrst þjóðhagsstofnun sem sé sjálfstæð
 192. stofnun.
193. Til að unnt verði að skapa almenna sátt um eðlilega launaþróun í landinu þarf að ráðast í markvissar
 194. aðgerðir til að efla bæði skattaeftirlit og vinnueftirlit. Þannig verði spornað gegn launastuldi, og
 195. markvisst barist gegn mansali og þrælahaldi sem er svartur blettur á íslenskum vinnumarkaði. Skoða
 196. þarf hvort unnt sé að skylda fyrirtæki til að upplýsa um launabil innan hvers fyrirtækis í ársreikningum
 197. og efna til víðtæks samtals um hvað sé ásættanlegur launamunur í samfélaginu og hvort hann
 198. eigi að vera þrefaldur eða fjórfaldur. Stefnt skal að því að minnka launabilið og útrýma með öllum
 199. tiltækum ráðum launamun kynjanna. Slíkar aðgerðir, ásamt skýrri framtíðarsýn um skattkerfið og
 200. velferðarsamfélagið, eru grundvöllur þess að unnt verði að ná stöðugleika á vinnumarkaði.

201. **Peningastefna**

202. Í þeim greiningum sem unnar hafa verið fyrir stjórnvöld um valkosti í gjaldmiðlamálum eru tveir
 203. valkostir sem hafa þótt raunhæfir. Annars vegar að Ísland haldi sjálfstæðri peningastefnu með
 204. íslenska krónu sem gjaldmiðil. Þar sé viðhaldið ákveðnu verðbólguþolmarkmiði en hugsanlega sett
 205. önnur markmið, s.s. gengisstöðugleikamarkmið eða markmið um tiltekið atvinnustig. Hins vegar að
 206. Ísland gangi í Evrópusambandið, verði aðili að Myntbandalagi Evrópu og taki upp evru og verði þar
 207. með hluti af samevrópski peningastefnu undir forystu evrópska Seðlabankans. Aðrar leiðir, s.s.
 208. einhliða upptaka annars gjaldmiðils eða svokallað myntráð, hafa verið skoðaðar og hingað til ekki
 209. þótt fýsilegar. Myntráð væri til að mynda mjög dýr leið fyrir lítið samfélag enda kallar það á stóran
 210. gjaldeyrisvaraforða og hefur almennt ekki tíðkast nema í einhvers konar millibilsástandi hjá ríkjum
 211. sem til að mynda hafa stefnt inn í ESB (þó að einhver fleiri dæmi séu til).
212. Krónan er líttill gjaldmiðill og hefur hingað til verið sveiflukennd og þar með endurspeglar miklar
 213. sveiflur í hagstjórninni. Efasemdir hafa verið uppi um að krónan dugi til að skapa efnahagslegan
 214. stöðugleika en um leið má ekki gleyma því að margháttaðar aðgerðir, til dæmis skattalækkunir á
 215. þenslutímum, hafa beinlínis unnið gegn yfirlýstum markmiðum um stöðugleika. Ef Ísland heldur
 216. áfram að nýta sér krónuna sem gjaldmiðil þarf að tryggja að peningastefnan taki mið af ekki aðeins
 217. efnahagslegum stöðugleika heldur einnig félagslegum stöðugleika.
218. Innganga í ESB er mun stærrí ákvörðun en svo að hún snúist eingöngu um gjaldmiðil eða
 219. peningastefnu. Hins vegar hefur efnahagsstefna ESB verið harðlega gagnrýnd á undanförunum árum

220. eftir kreppu fyrir að byggjast um of á hægrisinnaðri sveltistefnu gagnvart aðildarríkjum og ekki gefa
 221. nægjanlegt svigrúm til sveiflujöfnunar. Bent hefur verið á að evrópski Seðlabankinn þyrfti að huga
 222. að fleiri sjónarmiðum við hagstjórn fyrir utan að uppbygging sjálfs kerfisins er ólýðræðisleg þar sem
 223. evrópski Seðlabankinn hefur gríðarleg völd án þess að lýðræðislegt umboð hans sé skýrt. Stefna
 224. Vinstri grænna hefur verið sú að standa utan ESB en hins vegar er hreyfingin reiðubúin að leggja
 225. það mál í hendur þjóðarinnar enda um stórt mál að ræða sem eðlilegt er að allur almenningur taki
 226. ákvörðun um.

227. **Fylgiskjal 1.**

228. **Auðlegðarskattur**

229. Auðlegðarskattur er nauðsynlegur hluti af tekjuskattkerfinu enda getur eignafólk nýtt sér eignir sínar
 230. til að hafa af þeim tekjur án þess að þær myndi skattstofn. Þá er auðlegðarskattur nauðsynlegt tæki
 231. til að draga úr ójafni skiptingu auðs í landinu. Eðlilegt væri að miða við lágt hlutfall (1%-1,5%) og hátt
 232. almennt fríeignamark (þannig að flestir séu undanþegnir en stóreignafólk borgi sanngjarnan hlut sinn
 233. til samfélagsins).

234. **Prepaskiptur fjármagnstekjuskattur**

235. Fjármagnstekjuskattur leggst á skuldabréfaeign, tekjur af vöxtum, leigu á húsnæði og hagnað af
 236. sölu fasteigna og verðbréfa. Eðlilegt er að hafa fjármagnstekjuskatt annaðhvort þrepaskiptan eða
 237. hækka frítekjumarkmið/skattleysismörk á háar fjármagnstekjur og skattleggja þær í takt almennar
 238. launatekjur. Slík aðgerð er bæði réttlætismál og getur skilað verulegum tekjum í ríkissjóð.

239. **Hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga**

240. Lykilatriði er að hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga sem ekki fá neinar tekjur af þeim
 241. sem eingöngu greiða fjármagnstekjuskatt. Hins vegar liggur líka fyrir að gjaldendur þessa skatts
 242. dreifast misjafnlega á sveitarfélögin og því er lagt til að þær tekjur renni í gegnum Jöfnunarsjóð
 243. sveitafélaga.

244. **Sérstakt hátekjuprep í tekjuskatti**

245. Til að taka á svokölluðum ofurtekjum, til dæmis í kaupaukum, er skilvirkasta leiðin að setja á sérstakt
 246. hátekjuprep í tekjuskattskerfinu sem tekur á mjög háum tekjum en kemur við tiltölulega fáa aðila.

247. **Lækkun virðisaukaskatts á matvæli**

248. Óbeinir skattar á borð við virðisaukaskatt leggast hlutfallslega þyngra á tekjulága en tekjuháa. Því
 249. er eðlilegt að beita virðisaukaskattkerfinu til að jafna kjör eða til að ná fram öðrum samfélagslegum
 250. markmiðum. Það er til dæmis hægt með því að lækka virðisaukaskatt á neysluvörur á borð við
 251. matvæli sem gagnast mun barna – og fjölskyldufólki og tekjulægri hópum, eða á menningu eins og
 252. bækur og tónlist.

253. **Leiðrétting persónuafsláttar**

254. Persónuafsláttur verði þrepaskiptur þannig að hann nýtist lágtekjuhópum sem best og fylgi
 255. verðlagsþróun. Tryggja þarf að tekjulægstu hópunum sem eru undir markmiðum um grunnframfærslu
 256. séu undir skattleysismörkum.

257. Lýðheilsuskattar

258. Rannsóknir sýna að skattar á óholla mat- og drykkjarvöru eru áhrifaríkasta leiðin til að bæta heilsu
259. fólks með því að draga úr útgjöldum vegna hennar. Því munu Vinstri græn beita sér fyrir að vöruflokkar
260. sem innihalda sykraða gosdrykki **og sykraða matvöru** verði færðir í hærra virðisaukaskattsþrep.

261. Umhverfiskattar

262. Bent hefur verið á að kolefnisgjald sé áhrifamesta skattlagningin til að draga úr notkun
263. óendurnýjanlegra orkugjafa. Kolefnisgjald og skattar á bensín, dísilolíu og olíu til upphitunar eru
264. almennt lægri hér á landi en hjá öðrum Norðurlöndum. OECD hefur bent á að gjald sem ýmsar þjóðir
265. hafa lagt á útblástur koltvísýrings sé um það bil 80% of lágt til þess að það nýtist sem skyldi til að
266. verja loftslag jarðarinnar. Með því að hækka gjöldin og afnema undanþágur frá kolefnisgjaldi væri
267. hægt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarra mengunarvalda um leið og tekjur myndu
268. renna í ríkissjóð. Sama má segja um aðra græna skatta sem er eðlilegt að hækka til að ná fram
269. markmiðum í umhverfismálum.

270. **Grænar skattaívilnanir**

271. Rétt eins og grænir skattar skipta máli til að ná fram markmiðum í umhverfismálum geta grænar
 272. skattaívilnanir nýst í sama markmiði. Eðlilegt er að nýfjárfestingar uppfylli loftslagsmarkmið og
 273. ekki séu gerðir frekari ívilnandi fjárfestingasamningar í þágu mengandi starfsemi. Umhverfissvænni
 274. samgöngumáttar njóti ákveðinna skattaívilnana til að flyta fyrir orkuskiptum í samgöngum svo dæmi
 275. sé tekið, sem og matvælaframleiðsla sem uppfyllir loftslags- og sjálfbærnimarkmið.

276. **Auðlindagjöld**

277. gjald af nýtingu auðlinda og tryggja þannig að arðurinn af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar
 278. sem eru takmörkuð gæði, renni til þjóðarinnar ef þær eru ekki nýttar með samfélagslegum
 279. hætti í þágu almennings. Lykilatriði er að auðlindagjöld eru arðgreiðslur en ekki skattar. Þannig
 280. væri tekjuskattsstofninn slakur mælikvarði á auðlindaarðinn og ræðst af ýmsum öðrum þáttum
 281. (vaxtakjörum, frádráttarbærum fjármagnskostnaði o.fl.) en auðlindagjaldið á að vera greiðsla fyrir
 282. réttinn til að nýta auðlindina og sú greiðsla getur t.d. ekki ráðist af því hvort fyrirtækið fjármagnar
 283. sig með eigin fé eða lánum. Því munu Vinstri græn beita sér fyrir sanngjörnum auðlindagjöldum sem
 284. myndu renna í sameiginlega sjóði Íslensks samfélags og endurspeglu á þann hátt að auðlindirnar eru
 285. sameign þjóðarinnar og þeir sem nýta þessi takmörkuðu gæði njóta forréttinda.

286. **Komugjöld og gistináttagjöld**

287. Greina þarf bestu leiðirnar þannig að þeir sem hagnast á stærstu útflutningsgrein Íslensks
 288. atvinnulífs, ferðaþjónustunni, greiði sanngjarnan hlut í sameiginlega sjóði. Vinstri græn hafa lagt
 289. til að setja komugjöld á farseðla og breyta gistináttagjaldinu þannig að það sé í hlutfalli við verð
 290. gistinátta. Ennfremur að gistináttagjaldið eða hluti þess renni til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð
 291. sveitarfélaga.

292. **Alþjóðlegt samstarf í skattamálum**

293. Ísland á að vera í fararbroddi í alþjóðlegu samstarfi í skattamálum um upplýsingaskipti og aukið
 294. gagnsæi. Vextir, þóknarir og þjónustugreiðslur til aðila á lágskattasvæðum verði skattlögð
 295. sérstaklega og þannig markvisst unnið gegn aflandsfélögum í skattaskjólum.

296. **Fyrir hönd málefna hóps um efnahagsmál,**

297. *Katrín Jakobsdóttir og Björn Valur Gíslason*

298. **3. Tillaga að stefnu VG í neytendamálum**

299. Markaðshagkerfið er neysludrifið. Hegðun neytandans á markaðstorginu er því mikilvæg, bæði fyrir
 300. einstaklinginn og samfélagið. Ábyrgur neytandi hugar að afleiðingum neyslu sinnar og leitast við að
 301. samræma hana sjónarmiðum um umhverfis- og náttúruvernd, sjálfbærni, dýravelferð, heiðarleika
 302. og gott siðferði í viðskiptum og sanngjörn skilyrði launafólks og annarra sem annast framleiðslu,
 303. dreifingu og sölu á vöru og þjónustu. Neytendur þurfa margþættar upplýsingar og vitneskju til að geta
 304. tekið upplýstar ákvarðanir um neytendamál í eigin þágu og samfélagsins og mikilvægt er að þeir geti
 305. leitað réttar síns í stóru og smáu ef þeir telja á sér brotið.
306. Neytendamál snúast um hagsmuni heildarinnar.
307. Öll erum við neytendur og til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir þurfa upplýsingar að vera góðar
 308. og aðgengilegar.
309. Það er markmið stefnu VG að neytendur kjósi ávallt að taka mið af sjálfbærni og tilliti til umhverfis og
 310. að hegðunarmynstur neytenda sé í samræmi við hagsmuni heildarinnar. Neytendastefnan á að vera
 311. umhverfis- og samfélagsvæn og efnahagslega sjálfbær.
312. Hafa ber í huga að fákeppni er meðal einkenna íslensks neytendamarkaðar og almennt þykir ljóst að
 313. samþjöppun markaðshlutdeildar er meiri hér á landi en í nálægum Evrópulöndum.
314. Lagasetning um neytendamál hér á landi hefur á síðustu árum einkenst af innleiðingu
 315. neytendalöggjafar að evrópskri fyrirmynd með EES-samninginn að bakhjarli. Þó skortir enn verulega
 316. á að stuðningur hins opinbera við neytendur og neytendavernd geti talist nægilega öflug og brýn þörf
 317. er fyrir heildstæða löggjöf á sviði neytendamála.
318. Slík löggjöf er nauðsynleg til að innleiða sjálfbærnimarkmið í neytendarétt og gera kröfu um
 319. að merkingar gefi réttar upplýsingar um siðlega framleiðslu- og viðskiptahætti, sjálfbærni og
 320. visthæfi. Löggjöf um neytendamál þarf að styrkja og vernda rétt neytenda gegn sölu á gallaðri vöru,
 321. vörusvikum og öðrum vanefndum á markaði, tryggja skjótfarnar og skilvirkar leiðir til að ráða fram úr
 322. ágreiningi og koma því til leiðar að niðurstaða í deilumálum neytenda og söluaðila verði virt.
323. Ýmis konar eftirlit fer fram á mörgum sviðum samfélagsins og vottanir samkvæmt því eiga að tryggja
 324. að farið hafi verið að reglum og skilyrðum fullnægt. Almennigur á rétt á því að mark sé takandi á
 325. vottun af slíku tagi.
326. Full ástæða er til að stjórnvöld taki eftirlitshlutverk sitt alvarlega og sinni því af einurð.
327. Full ástæða er til að stjórnvöld taki eftirlitshlutverk sitt alvarlega og sinni því af einurð.
328. Brýnt er að bæta söfnun og birtingu ýmissa upplýsinga sem koma neytendum að góðum notum.
 329. Sem dæmi má nefna þróun verðlags á smávörumarkaði, verðþróun á fasteignamarkaði, lánakjör
 330. og ýmislegt sem lýtur að fasteigna- og bankaviðskiptum. Fasteignakaup eru yfirleitt stærsta

331. fjárhagslega viðfangsefni launafólks sem á mikið undir því að fá áreiðanlega upplýsingar og
 332. ráðleggingar á því sviði. Sama getur átt við um leigjendur á leigumarkaði.
333. Frjáls félagasamtök geta gegnt mikilvægu hlutverki á vettvangi neytendamála, einkum
 334. upplýsingaöflun um verðlag og verðlagsþróun og félagasamtök á borð við Neytendasamtökin og
 335. samtök launafólks geta liðsinnt félagsmönnum með ýmsu móti við að ná rétti sínum. Sjálfsgaet er að
 336. hvetja neytendur til aðildar að neytendafélögum og samtökum og styðja við þau, ásamt því að efla
 337. samstarf frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila á sviði neytendamála.
338. **Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill stefna að því að**
339. • sett verði heildarlöggjöf um neytendamál
340. • upplýsingagjöf um vörur og þjónustu verði aukin til að stuðla að auknu gagnsæi og rekjanleika
341. vörunnar
342. • neytendavernd verði aukin, einkum á fjármála-, fasteigna- og leigumarkaði
343. • Ísland taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði neytendamála
344. **Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill leggja áherslu á að:**
345. • auka þekkingu neytenda á öllum aldri um áhrif neyslu á umhverfið – jafnt vistkerfi og samfélag
346. • hvatt skuli til siðrænnar neyslu sem eflir vistkerfið og félagskerfi manna,
347. • stuðlað verði að endurnýtingu á þeim sviðum þar sem það er í samræmi við þarfir vistkerfis og
348. samfélags
349. • ríkisvaldið setji markmið um síminnkandi notkun eiturefna og óhollra efna og standi að aðgerðum í
350. samvinnu við sveitarfélög og aðila atvinnumarkaðarins sem stuðli að eiturefnalausum samfélagi,
351. • að þarfir barna verði hafðar að leiðarljósi í neytendamálum sem koma þeim við, ekki síst þeim er
352. varða heilsu, útlit og ímyndarsköpun,
353. **Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að**
354. • reglur sem settar eru um sölu vöru og þjónustu gildi jafnt um alla vöru og alla þjónustu. Mismunur á
355. ekki að líðast,
356. samkeppnisskilyrði fyrir fyrirtæki séu jöfn og að bann verði sett á óheiðarlega viðskiptahætti,
357. • stjórnvöld stuðli að ódýrum, fljótlegum og auðveldum leiðum fyrir neytendur að leita réttar síns,
358. • neytendur búi að fjölbreyttum lausnum, ekki síst á húsnæðismarkaði, þar sem stórauka þarf
359. hagkvæma valkosti varðandi leiguhúsnæði,
360. • sérstaklega skuli hugað að neytendamálum með hliðsjón af félagslegum og efnahagslegum
361. aðstæðum og breytingum á þeim hverju sinni,
362. • neytendastefna stjórnvalda taki mið af umhverfisbreytingum og nýrri þekkingu vísindanna,
363. • markaðseftirlit sé skilvirkt sem og samstarf aðila á markaði, en hvort tveggja á að draga úr áhættu
364. sem varðar heilsu og öryggi fólks,
365. • réttindi neytenda skuli tryggð, m.a. með eftirliti með birtingu auglýsinga, sem ávallt skulu innihalda
366. réttar og skýrar upplýsingar til neytenda um þá vöru eða þjónustu sem auglýst er,
367. • litið sé á ferðir og ferðalög sem neytendamál og að lágmarksréttindi farþega verði ávallt tryggð
368. þegar upp koma ágreiningsmál,

369. • almenningur, sem og fyrirtæki, eigi gott aðgengi að upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi við
370. neytendamál,
371. berskjaldaðri hópar neytenda, s.s. börn, aldraðir og öryrkjar, njóti betri verndar gegn misnotkun
372. markaðsafla,
373. • að neytendur búi að aðstoð við að taka ákvarðanir sem byggir á skýrum, réttum og samræmdum
374. upplýsingum, bæði hvað varðar daglega neyslu, eins og matvöru og stærri neytendamál eins og
375. húsnæðismál.
376. **Fyrir hönd málefna hóps um neytendamál,**
377. *Jakob Jónsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Ingimar Karl Helgason*

4. Tillaga að stefnu VG í orkumálum

379. Sjálfbærni, öryggi og ábyrgð

380. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur frá stofnun haft sjálfbærni að leiðarljósi, ekki síst þegar
 381. kemur að nýtingu og vinnslu vatnsafls og jarðvarma. Gæta verður varúðar- og verndarsjónarmiða
 382. við orkuöflun. Stórvirkjanir í þágu mengandi stóriðju samrýmast ekki sjálfbærri orkustefnu. Greiða
 383. þarf sanngjarnt gjald þegar auðlindir í eigu þjóðarinnar eru virkjaðar og gera verður kröfu til þess að
 384. stórnotendur greiði sanngjarnt verð fyrir orkuna sem þeir kaupa sem og allan kostnað við flutning og
 385. afhendingu hennar.

386. Ísland þarf að taka mið af niðurstöðum vísindamanna og setja stefnuna á að verða kolefnishlutlaust
 387. árið 2040. Ísland á jafnframt að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að halda hlýnun jarðar undir 2°C
 388. og beita sér fyrir því að jarðefnaeldsneyti verði ekki unnið á Norðurslóðum. Tryggja þarf rannsóknir
 389. og viðbúnað vegna þeirra breytinga sem þegar eru hafnar í vistkerfinu og eru óumflýjanlegar. Styrkja
 390. þarf fátækari þjóðir til að minnka losun og byggja upp viðnámsþrótt og veita nægilegu fjármagni til
 391. orkuskipta og mótvægisáðgerða gegn loftslagshlýnun.

392. Vinstrihreyfingin grænt framboð telur að við þessar aðstæður, og í ljósi Parísarsamkomulagsins,
 393. komi ekki til greina að ráðstafa meiri orku til mengandi stóriðju, sem nú þegar nýtir tæplega 80%
 394. af allri raforkuframleiðslu í landinu. Þvert á móti er eðlilegt að kanna hvort ekki megi draga úr
 395. raforkunotkun í þágu stóriðjunnar, til dæmis með því að hefja endurskoðun raforkusamninga til
 396. stóriðju til framtíðar, með því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, fækka mengandi
 397. stóriðjuverum, auka fjölbreytni í iðnaði og fjölgja í hópi „grænna“ fyrirtækja sem nota raforku á Íslandi.

398. Deilur um orkuöflun og -nýtingu hafa allt of lengi skipt þjóðinni í fylkingar. Það helgast ekki síst af
 399. því að áherslan hefur um of verið á orkuöflun fyrir stóriðju með tilheyrandi stórframkvæmdum í
 400. virkjunum og línulögnum. Almenni raforkumarkaðurinn, ylrækt og uppbygging lítilla og meðalstórra
 401. fyrirtækja hafa ekki verið í forgangi og hafa liðið fyrir þessa þróun.

402. Það er tímabært að höggva á þennan hnút, setja punkt aftan við stórframkvæmdir sem
 403. fylgja stóriðjunni og huga að því hvernig við getum nýtt orkuauðlindir landsins til að uppfylla
 404. Parísarsamkomulagið og draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

405. Sátt þarf að ríkja um það hvernig við umgöngumst sameiginlegar auðlindir okkar í vatnsafl og
 406. jarðvarma. Það er markmið Vinstri grænna að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutt
 407. jarðefnaeldsneyti af hólmi, jafnhliða því sem gætt sé varúðar- og verndarsjónarmiða. Til að það verði
 408. mögulegt þarf að leggja til hliðar hugmyndir um stórvirka orkuöflun í þágu einstakra iðnaðarverkefna.

409. Ný viðhorf í orkubúskap

410. Orkubúskapur næstu áratuga á að snúast um kolefnisjöfnun, þ.e. að minnka útblástur
 411. gróðurhúsalofttegunda alls staðar og binda kolefni með gróðri. Bættar almenningssamgöngur og
 412. orkuskipti í samgöngum er einn mikilvægasti áfanginn á leið Íslands til að standa við skuldbindingar
 413. Parísarsamkomulagsins. Með orkuskiptum er átt við að nýta raforku og innlent eldsneyti í vaxandi

414. mæli á bíla, vinnuvélar, báta og skip og flugvélar eftir því sem tækni leyfir. Orkusparnefnd hefur
 415. reiknað að á næstu 30 árum muni almennur iðnaður og þjónusta þurfa 500–600 MW orku til
 416. viðbótar við það sem nú er. Á sama tímabili munu raforkusamningar til stóriðju fyrir sama magn
 417. renna út. Rannsaka þarf ítarlega allar efnahagslegar, samfélagslegar og umhverfislegar hliðar
 418. raforkusamninga, sem og möguleika til þess að færa 600 MW af orku úr stóriðju í almennan iðnað og
 419. þjónustu, og forðast þannig að byggja frekari virkjanir. Þurfi hins vegar nýjar virkjanir til að uppfylla
 420. þessa þörf verður að ríkja sátt um það hvernig þeirrar orku er aflað. Mestu skiptir að það verði gert
 421. hægt og bítandi í takti við vaxandi notkun, til að mæta fólksfjölgun og þörfum grænna og meðalstórra
 422. fyrirtækja en ekki í einstaka stórstökkum. Einnig þarf að horfa til betri nýtingar, minnka töp í kerfinu,
 423. bæta nýtingu í virkjunum sem fyrir eru og til nýrrar tækni og aðferða við orkuöflun.
424. Framþróun í vistvænum samgöngum á Íslandi til 2030 fer farsællegast fram með því að gera
 425. almenningsamgöngur að raunhæfum valkosti fyrir flesta, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, og nýta
 426. fjölbreytta orkugjafa. Áherslu verður að leggja á að stórauka hlut stórra og smárra bíla með raforku
 427. úr rafgeymum og rafbíla sem ganga fyrir vetni, þar sem við á. Þetta á einnig við um ýmsar vinnuvélar.
 428. Samtímis verður að greiða fyrir því að stærri vinnuvélar og stórir bíllar geti skipt yfir í innlent metan,
 429. metanól og lífdísil.
430. Hefja skal rafvæðingu hafna svo rafbátar geti sótt sér þar orku en skipum af öllum stærðum verði
 431. gert að nýta raforku úr landi í stað orku frá eigin ljósavélum. Nýtt og vistvænt eldsneyti á skipsvélar
 432. er í hraðri framþróun, svo sem metan, metanól og etanól, lífdísill og vetni. Íslendingum ber að taka
 433. þátt í þróuninni, meðal annars með frekari nýsköpun í framleiðslu þess og notkun. Blöndun vistvænna
 434. eldsneytistegunda í flugvélaeldsneyti er þegar hafin og ber að leggja áherslu á að taka þátt í
 435. framsæknum orkuskiptum í flugi.
436. Umræður um að selja orku til útlanda með sæstreng hefur farið fram af og til á undanförunum 20
 437. árum. Skoðaðir hafa verið efnahagslegir og félagslegir kostir og gallar. Ljóst er að sæstrengur er
 438. kostnaðarsamt og áhættusamt verkefni, sem myndi setja mikinn þrýsting á íslenska náttúru. Hætt er
 439. við að virkja þyrfti hvern einasta foss og jarðhitasvæði og raska þannig verðmætum viðernum til að
 440. standa undir kostnaði og til að hámarka arðsemi verkefnisins. Á sama tíma gætu skapast örðugleikar
 441. fyrir græna orkufreka starfsemi á Íslandi til að afla sér orku á samkeppnishæfu verði. Enn fremur er
 442. enn mikil óvissa um það hvernig þróun tækni tengdri orkuframleiðslu mun fara fram. Á síðustu árum
 443. hafa til að mynda hafa stór skref verið tekin í þróun stórra sólorkuvera og vindorkuvera. Tækniþróun
 444. getur í framtíðinni gert það að verkum að verð á raforku í gegnum fyrirhugaðan sæstreng á milli
 445. Ísland og Bretlands verði ekki lengur samkeppnishæf.
446. **Sanngjarnt orkuverð til heimila og innlends iðnaðar**
447. Við verðlagningu raforku verði heimilum og innlendum atvinnufyrirtækjum tryggt sanngjarnt
 448. orkuverð og það markmið sett ofar hagnaðarkröfu orkufyrirtækja. Eigi að síður er mikilvægt að við
 449. verðlagningu sé fullt tillit tekið til allra kostnaðarpátta, þar með talið fórnarkostnaðar vegna glataðra
 450. náttúruverðmæta og annars umhverfiskostnaðar. Þá má ekki gleyma því að náttúran hefur gildi í sjálfu
 451. sér sem erfitt er að meta til króna og aura.

452. Raforkan, rétt eins og neysluvatn, húshitun og fjarskipti, telst til grunnþarfa í nútímasamfélagi og
 453. þessi kerfi á ekki að reka í hagnaðarskyni. Vinstri hreyfingin grænt framboð telur mikilvægt að
 454. sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum til lands og sjávar verði viðurkennt og að samfélagið
 455. í heild njót arðs af sjálfbærri nýtingu þeirra.

456. Eðlilegt er að virkjanaframkvæmdir yfir 1 MW fari í mat á umhverfisáhrifum. Það viðmið sem nú er
 457. stuðst við, 10 MW, er allt of hátt en það býður upp á að framkvæmdaraðilar reisi nokkrar virkjanir í
 458. röð, sem allar eru undir viðmiðunum án þess að farið sé í umhverfismat.

459. **Raunhæf orkuspa með tilliti til Parísarsamkomulagsins**

460. Mikilvægt er að setja niður, eins nákvæmlega og unnt er, hver raunveruleg orkuþörf þjóðarinnar
 461. verður næstu áratugi. Við þá vinnu þarf sérstaklega að huga að markmiðum um orkuskipti ekki síst í
 462. samgöngum og aukinn hlut endurnýjanlegra og innlendra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis.

463. Við mat á orkuþörf landamanna þurfa markmið Parísarsamkomulagsins um samdrátt í losun
 464. gróðurhúsalofttegunda og skuldbindingar okkar hvað varðar orkuskipti og umhverfisvænni orkugjafa
 465. að vera í fyrirrúmi. Taka þarf tillit til fólksfjölgunar, vaxandi ferðamannafjölda og áhrifa hvoru tveggja á
 466. þróun almenna markaðarins. Ennfremur þarf að huga að atvinnuuppbyggingu í litlum og meðalstórum
 467. fyrirtækjum, ekki síst á landsbyggðinni. Þegar þessi þörf hefur verið metin á raunsæjan hátt er fyrst
 468. hægt að áætla hve mikillar orku þarf að afla og hvernig það best verður gert. Ábyrg umgengni við
 469. auðlindina, betri nýting, almennur orkusparnaður og sparneytnari rafmagnstæki draga úr þörf fyrir
 470. frekari orkuöflun.

471. **Sjálfbær orkuöflun í sátt við náttúru landsins**

472. Sjálfbærni verður ætíð að vera leiðarhnoðið þegar kemur að orkuöflun og ríkulegt tillit þarf að taka til
 473. náttúruverndar. Þar skiptir verndun hálandisins mestu máli en hún verður best tryggð með heildstæðu
 474. skipulagi þar sem áhersla er lögð á friðun stórra landslagsheilda með stofnun Miðhálandisþjóðgarðs.
 475. Mikilvægt er að allar virkjunarframkvæmdir, stórar sem smáar, fari í umhverfismat.

476. Við umgengni og nýtingu á orkuauðlindum þjóðarinnar er mikilvægt að sýna ábyrgð og leggja ber
 477. áherslu á félagslegan rekstur en ekki rekstur í hagnaðarskyni. Landsvirkjun á áfram að vera að fullu í
 478. opinberri eigu, enda hefur fyrirtækið verið byggt upp með nýtingu á sameiginlegum orkuauðlindum
 479. þjóðarinnar.

480. Ísland er auðugt af endurnýjanlegum orkugjöfum og hefur að því leyti sérstöðu og einstaka möguleika
 481. til að uppfylla Parísarsamkomulagið. Mikilvægt er að virkjun jarðvarmans sé sjálfbær en ekki ágeng
 482. þannig að jarðhitageymirinn geti áfram þjónað þörfum komandi kynslóða. Við nýtingu vatnsafls er
 483. ekki þörf á að sökkva grónu landi undir miðlunarlón eða þurrka fagra og vatnsmikla fossa á hálandinu.
 484. Leita þarf sjálfbærari leiða við nýtingu vatnsaflsins og efla rannsóknir á nýjum orkulindum, svo sem
 485. vindorku og djúpvarma. Einnig þarf að huga að nýrri tækni svo sem virkjun sjávarfalla, nýtingu metans
 486. og alkóhóls, vetnis og lífdísils.

487. **Orka til allra landsmanna**

488. Allir landsmenn eiga að búa við fullnægjandi afhendingaröryggi. Samræmda skilgreiningu þarf á því
489. hugtaki í lögum og reglugerðum og setja þarf lagaákvæði um ábyrgð orkufyrirtækja til að uppfylla
490. orkuþörf heimila og almennra notenda.

491. Veikt flutnings- og dreifikerfi stendur atvinnulífi á landsbyggðinni víða fyrir þrífum. Ljóst er að styrkja
492. þarf kerfið til að tryggja afhendingaröryggi heimila og fyrirtækja, en við þær framkvæmdir þarf
493. að meta alla kosti og velja þá lausn sem er í mestri sátt við umhverfið. Sérstaka varúð skal sýna á
494. hálendinu og á vernduðum svæðum. Loftlínur mega ekki skerða ósnortin víðerni og forðast skal að
495. jarðstrengir fari um viðkvæmar jarðmyndanir, t.d. hraun enda þótt það kunni að hafa aukinn kostnað í
496. för með sér.

497. **Fyrir hönd málefnaþóps um orkumál,**

498. *Álfheiður Ingadóttir og Orri Páll Jóhannsson*

499. 5. Tillaga að stefnu VG í sjávarútvegsmálum

500. Virðing, alúð, stöðugleiki

501. Auðlindanýting snýst um virðingu fyrir auðlind, alúð í nýtingu og stöðugleiki fyrir þá sem nýta.
502. Auðlindir landsins, sem nýta skal, ber ávallt að nýta af varúð, ábyrgð og í sátt við náttúru, samfélag og komandi kynslóðir. Allar auðlindir, hvort sem er til lands eða sjávar, ættu að vera ævarandi og
503. óframseljanlegar eignir íslensku þjóðarinnar. Þjóðinni ber að njóta arðs af allri auðlindanýtingu.
504. Nýtingin skal byggja á jafnræði til þátttöku, nærast á nýliðun og vera í stöðugu og gagnkvæmu sambandi við byggðapróun. Nýting auðlinda skal vera hluti hins græna hagkerfis og þannig
505. óaðskiljanlegur þáttur alþjóðlegra rannsókna, samvinnu og nýsköpunar, sérstaklega í þágu umhverfisverndar og loftslagsmála.
506. Umhverfissjónarmið þurfa alltaf að vera í forgrunni þegar kemur að nýtingu auðlinda. Hvað auðlindir sjávar varðar á það ekki einungis við um sjálfbæra nýtingu stofna, heldur einnig veiðar og vinnslu.
507. Súrnun hafs er sívaxandi vandamál sem getur haft óafturkræfar breytingar á lífríki hafsins í för með sér. Mjög mikilvægt er sjávarauðlindir séu nýttar á sem umhverfissvænstan hátt og nýjustu tækni sé beitt við veiðar. Skipta þarf út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orkugjafa og huga að umhverfissvænum veiðarfærum. Í því skyni verða þeir sem auðlindina nýta að búa við nokkurt jafnvægi
508. sem skapar hvata til fjárfestinga í umhverfissvænni tækni.

516. Markmiðin með góðu kerfi

- 517. • Sátt um kerfi og að það sé réttlátt
- 518. • Arður til þjóðar
- 519. • Sjálfbær nýting – siðferðileg nýting
- 520. • Viðhald byggða

521. Stöðugleiki í rekstri en möguleikar á nýliðun um leið

522. VG vill að útfærsla á stjórn fiskveiða stýrist af hagsmunum allra byggða í landinu og hafi að leiðarljósi sátt, byggðafestu og atvinnuöryggi. Skapa þarf forsendur í kerfinu fyrir nýliðun, að þeir sem vilja geti sótt sjóinn og byggt upp fyrirtæki í sjávarútvegi í samkeppni við önnur. Stjórn fiskveiða þarf að vera upplýst af bestu fáanlegu þekkingu og niðurstöðum alþjóðlegs vísindastarfs og samvinnu um mat á vistkerfi hafs, sjávarbotns og stranda.

527. Fiskveiðistjórn

528. Meginregla í auðlindanýtingu er að þjóðin öll á auðlindir til lands og sjávar og henni ber að greiða afgang fyrir nýtinguna. Vinstri græn leggja áherslu á afdráttarlaust auðlindaákvæði í stjórnarskrá þar sem eignarhald þjóðarinnar á auðlindunum er skýrt. VG vill að fyrirtæki sem stunda eldi í sjó greiði fyrir nýtingu sjávar, líkt og um lóðaleigu væri að ræða. VG vill að útgerð greiði veiðigjald sem er fast hlutfall af aflaverðmæti selt úr skipum. Mikilvægt er að við útfærslu á slíku gjaldi komi til þrepaskipting milli ólíkra útgerðarflokka og afkomu eins og við viljum gera í skattkerfinu, þar sem það er ólíku saman að jafna hagkvæmni og hagnaði stórútgerðarinnar og minni útgerða. Verðmyndun á afla mun því óhjákvæmilega taka mið af veiðigjaldi, en þeir sem hyggjast byggja upp greinina og borga sjómönnum góð laun, munu öðlast samkeppnisforskot á aðra. VG vill að arður og atvinna af

537. sjávarútvegi dreifist sem best um samfélagið en lendi ekki í höndum fárra útgerðarrisa sem hugsa
 538. bara um stundargróða og láta sér samfélagslega ábyrgð í léttu rúmi liggja eins og mýmörg dæmi
 539. sanna. Fyrir utan það að gróðinn lendir oft en ekki í einhverjum skattaskjólum.
540. Hver útgerð býr að kvóta sem mælt er fyrir um af Hafrannsóknarstofnun. VG vill innkalla þennan
 541. kvóta í skrefum og endurútdeila á grundvelli hagsmuna samfélagsins, byggða í landinu og atvinnu.
 542. Endurúthlutun felst í tímabundinni ráðstöfun leyfa og skal að hluta vera bundin uppboði, hluta bundin
 543. svæðum landsins, hluta bundin sveitarfélögum og þeim aðilum boðið að skilgreina leiðir til úthlutunar.
 544. Innköllun kvóta gæti farið fram á 20 árum, 5% hvert ár af kvóta þess árs sem innköllun hefst. Við
 545. endurúthlutun veitir ríkið leyfi þar sem skýrt er kveðið á um eignarhald þjóðarinnar, óframseljanleika
 546. kvótans og veiðigjald sem rúkað verður. Að 20 árum liðnum hefst aftur annað tímabil 20 ára
 547. innköllunar, sem fer fram með sama sniði. 10% þess kvóta sem innkallaður er hvert ár er tekin til
 548. hliðar og settur í byggðapott. Þeim kvóta er útdeilt árlega til 10 ára í senn til þeirra byggða sem
 549. metið er af Byggðastofnun að hallast standi. Kvótinn getur komið sem sérstakur byggðakvóti beint
 550. til byggðar eða sem mótframlag við landaðan afla í byggð. Allar ráðleggingar um að auka kvóta fara
 551. sjálfkrafa í gegnum uppboðsleið ríkis, sem og kvótar um veiðar á nýjum stofnun. Ef veiðiráðgjöf vill
 552. draga úr kvóta tegunda, kemur það til frádráttar á eftirstandandi hlut útgerða hverju sinni.

553. Náttúruvernd

554. Vistkerfi heimsins, hvort sem er á láði eða legi, einkennast af viðkvæmu jafnvægi sem hefur skapast
 555. og viðhaldist jafnvel um þúsundir ára. Áhrif mannsins á þessi vistkerfi eru nú mikil og orðin áþreifanleg
 556. á hnattrænan kvarða meðal annars með súrnun sjávar. Þessi áhrif hafa hinsvegar varað stutt og
 557. sér ekki fyrir hvernig þau munu leggjast með öðrum ferlum náttúru í að breyta jafnvægi vistkerfa í
 558. hafinu. Þannig þarf lykilregla í stjórn fiskveiða að vera virðing fyrir auðlindinni og vistkerfum hafs,
 559. sjávarbotns og stranda og varúðarreglan útgangspunktur þeirrar virðingar. Ef við vitum ekki hver
 560. möguleg áhrif aðgerða okkar eru að fullu, þá skal sleppa þeim aðgerðum. Næmni fyrir hlutverki
 561. okkar í vistkerfi hafsins er annað lykilorð sem VG vill að haft sé í heiðri við stjórn fiskveiða. Aðferðir
 562. við veiðar og afli sem við tökum hefur áhrif á hafið, hafsbotninn, samfélög í landi, loftslag og fleira.
 563. Með öðrum orðum eru fiskveiðar, s.s. notkun togveiðarfæra og brennsla svartolíu á skipum, hluti
 564. hnattræns umhverfis og þarf að skoða og skilja í því ljósi. Stjórn fiskveiða þarf því að vera næm á fleira
 565. en niðurstöður ársreikninga einstakra fyrirtækja og skynja ábyrgð sína eftir því.

566. Loks þarf að verja grunnslóð enn betur fyrir stórskipaflotanum og stórtækum veiðarfærum en nú er
 567. gert og skoða kosti þess að draga grunnlínuna í 20 mílur en hún er nú 12 mílur og að fyrir innan hana
 568. væru einungis notuð umhverfisvæn veiðarfæri.

569. Fiskeldi

570. Í fiskeldi eru miklir vaxtar- og framtíðar möguleikar víða um land. Þeir felast í frekari þróun á
 571. umhverfisvænu fiskeldi, eldi sjávardýra og þörungaelði. Styðja þarf vel við þróunarstarf og
 572. rannsóknir og bæta lagaumgjörð og reglur fyrir greinina. Eldi sjávardýra þarf að koma í kjölfar
 573. stefnumótunar og regluverks um framkvæmd slíks. Tryggja þarf rétt sveitarfélaga til að skipuleggja
 574. haf- og strandsvæði og efnahags- og samfélagsleg áhrif fiskeldis skulu metin á líkan hátt og áhrif

575. á náttúruna. Stjórnvöld ættu að hvetja til framþróunar og nýsköpunar í eldislausnum sem miðar
576. að því að vernda villta stofna og viðkvæma náttúru, ásamt því að hámarka dýravelferð og gæði
577. afurða. Í bleikjueldi hafa verið þróaðir íslenskir eldisstofnar í lokuðu landeldi með góðum árangri.
578. Vaxtar- og framtíðarmöguleikar í laxeldi í góðri sátt við íslenska náttúru og villta stofna með öllum
579. sínum fjölbreytileika, liggja í að sækja fram í landeldi og fylgja eftir hraðri framþróun í notkun lokaðra
580. eldiskvía og meðhöndlun sem kemur í veg fyrir að eldisfiskar geti tímgastr eða blandast við villta
581. stofna. Eldi á frjóum fiskum framandi stofna eins og norskum eldislaxi í opnum sjókvíum hér við land
582. felur hins vegar í sér of mikla hættu á óafturkræfum skaða á villtum stofnum.
583. Vernda verður viðkvæma náttúru fyrir áföllum og skaða sem getur hlotist af óábyrgu fiskeldi.
584. Vernda verður villta stofna íslenskra laxfiska og viðkvæma náttúru fyrir erfðamengun, sjúkdómum,
585. snikjudýrum og öðrum áföllum sem geta hlotist af því að eldisfiskar sleppi úr haldi eða valdi umhverfi
586. skaða með öðrum hætti. Farsælast til langrar framtíðar er eldi sem helst í hendur við aðra nýtingu,
587. öfluga vöktun, eftirlit og verndun íslenskrar náttúru. Virða þarf rétt náttúrunnar með öllum sínum
588. fjölbreytileika til að þróast áfram á eigin forsendum, byggðum landsins til langtíma hagsbóta.
589. **Fyrir hönd málefna hóps um sjávarútvegsmál,**
590. *Edward H. Huijbens og Svandís Svavarsdóttir*

6. Tillaga að stefnu VG í vinnumarkaðs- og verkalýðsmálum

593. Vinnumarkaðinn er ekki hægt að skoða án samhengis við það samfélag sem hann er hluti af. Þess vegna verður sterkt velferðarkerfi og góður vinnumarkaður að ganga hönd í hönd enda er gjaldfrjáls menntun barna og gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta kjaramál. Á fyrirmyndar vinnumarkaði geta allir sem hafa til þess heilsu og vilja tekið þátt og borið sanngjarnt endurgjald úr bytjum. Réttindi eru virt og misrétti á milli hópa líðst ekki.
598. Samsetning vinnumarkaðarins tekur stöðugum breytingum hvað varðar aldur, menntun, uppruna og starfsgetu og þarfir atvinnulífsins fyrir starfsfólk tekur líka stöðugum breytingum. Menntunarstig hér á landi er lágt samanborið við önnur Norðurlönd. Með batnandi heilsu eldra fólks þurfa sífellt fleiri með fulla starfsgetu að yfirgefa vinnumarkaðinn sökum aldurs um leið og sífellt fleiri ná ekki að fóta sig á honum sökum veikinda snemma á starfsævinni. Á sama tíma fjölgar þeim sem ekki þekkja vel til réttinda sinna, svo sem innflytjendum og ungu fólki. Of margir atvinnurekendur nýta sér veika stöðu starfsmanna sinna til að hafa af þeim laun og brjóta á réttindum þeirra.
605. Við slíkar aðstæður er hlutverk stéttarféлага mikilvægara en oft áður. Rétt eins og þau, í upphafi síðustu aldar, tóku þátt í að byggja upp það velferðarsamfélag sem við nú njótum, gegna þau nú mikilvægu hlutverki við að verja það sama velferðarsamfélag og sækja fram. Í okkar ríka samfélagi á það ekki að eiga sér stað að fólk búi við fátækt, neiti sér um heilbrigðisþjónustu eða að börn hætti námi til að aðstoða við að framfleyta fjölskyldunni eða að atvinnurekendur geti brotið réttindi fólks án þess að þurfa að takast á við afleiðingar af því.
611. Það er hlutverk stjórnvalda að skapa umhverfi þar sem heilbrigður vinnumarkaður getur þróast. Það er gert með því að skapa lagaumhverfi sem kemur í veg fyrir mismunun og misnotkun, virku eftirliti og afleiðingum fyrir þá sem brjóta gegn öðrum. Það er einnig gert með því að draga úr kostnaði fólks vegna heilbrigðisþjónustu og menntunar, stuðla að fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu, s.s. sjúkráþjálfara og sálfræðinga, sem dregur úr líkum þess að fólk hrökklist af vinnumarkaði. Laun sem ekki duga til framfærslu eiga ekki að bera tekjuskatt og því er það líka hlutverk stjórnvalda að nýta skattkerfið mun betur til að dreifa byrðum samneyslunnar í samræmi við getu fólks til að leggja af mörkum.
618. **Heilbrigði, menntun og lífsgæði**
619. Góður vinnumarkaður er sveigjanlegur, öruggur og fólk hefur tækifæri til að njóta sín bæði í starfi og frístundum. Við viljum:
- 621. • Sterkt velferðarkerfi sem býður menntun og heilbrigðisþjónustu notendum að kostnaðarlausu.
 - 622. • Stórauka menntun í iðn- og tæknigreinum til að búa fólk undir breyttan vinnumarkað. Hið opinbera sjái um og beri ábyrgð á allri menntun sem krafist er til tiltekinna starfa.
 - 624. • Afnema aldurstakmörk á framhaldsskólastigi.
 - 625. • Styttu vinnudaginn í sex stundir.
 - 626. • Tryggja grundvallarfræðslu um vinnumarkaðinn undir lok grunnskólamenntunar.

627. • Að sjóðir sem vinnandi fólk byggir upp til að auka lífsgæði sín valdi ekki skerðingu á opinberri
628. aðstoð.
629. • Brjóta upp hinn kynskipta vinnumarkað og útrýma launamuni kynjanna.

630. **Lagaumhverfi og ábyrgð**

631. • Ábyrgð stjórnvalda á heilbrigðum vinnumarkaði er mikil og krefst sterkra laga og stofnana til
632. að hafa eftirlit og tryggja réttindi vinnandi fólks. Við viljum:
633. • Innleiða keðjuábyrgð í lög í öllum atvinnugreinum.
634. • Stórefla stofnanir svo sem Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun, löggæslu og félagsþjónustu til
635. að taka á félagslegum undirboðum í samráði við stéttarfélög.
636. • Innleiða raunverulega samfélagslega ábyrgð í opinberum innkaupum hvort sem keypt er
637. þjónusta hér á landi eða erlendis.
638. • Fyrirtæki og stofnanir geri grein fyrir launamuni innan hvernar einingar og að ásættanlegur
639. launamunur verði skilgreindur.
640. • Gera launastuld refsiverðan og takmarka möguleika atvinnurekenda til að stunda
641. kennitölufökk.
642. • Skattleysismörk miðist við lágmarksframfærslu.

643. **Stéttarfélög og samningagerð**

644. Stéttarfélög eru sterkasta afl vinnandi fólks til að sækja fram og verja réttindi. Samskipti hins
645. opinbera við stéttarfélög eiga að byggja á sjálfræði félaganna sem lýðræðislegs vettvangs. Við viljum:
646. • Þetta samstarf hins opinbera við stéttarfélög með formlegum samráðsvettvangi í aðdraganda
647. fjárlagagerðar.
648. • Að launaleynd verði með öllu afnumin.
649. • Ná sátt milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um framtíðarskipan kjaramála þar
650. sem tekið er mið af velferðarþjónustu, grunnframfærsla tryggð, unnið gegn misrétti og
651. sameiginlegir sjóðir nýttir til aukinna lífsgæða fyrir alla.
652. • Tryggja fullnægjandi upplýsingar um íslenskan vinnumarkað til þeirra sem koma erlendis frá að
653. vinna á Íslandi.

654. Að vinna gegn misskiptingu á vinnumarkaði er hin eilífa áskorun. Misskiptingin felst bæði í auknum
655. tekjumuni á milli þeirra sem bera mest úr bítum og þeirra sem vinna á lágmarkslaunum en ekki síður á
656. milli kynja og fólks sem kemur erlendis frá að vinna hér á landi. Þá verður hinn íslenski vinnumarkaður
657. ekki slitin frá hinum alþjóðlega vinnumarkaði og ábyrgð okkar hérlandis ekki slitin frá sanngirni í
658. alþjóðavæddum heimi.

659. Barátta vinnandi stétta fyrir sanngjörnum launum fyrir vinnuframlag er jafn brýn nú á dögum og áður.
660. Baráttan er alþjóðleg og snýst um að draga úr misskiptingu og að arðurinn af vinnunni berist í vasa
661. þeirra sem skapa arðinn. Vinnumarkaðurinn hér á landi og alls staðar annars staðar hefur tekið miklum
662. breytingum síðustu áratugi og í augsýn er frekari bylting í tækniframförum. Hætt er við að sú bylting
663. beri í skauti sér dvínandi öryggi fyrir vinnandi fólk og lakari kjör þar sem baráttan um vinnu verður
664. harðari og samkeppnin leiðir til lægri launa. Það hefur því sjaldan verið jafn mikilvægt að vernda

- 665. grunnstoðir íslensks vinnumarkaðar þar sem félagsleg undirboð eru ólögleg og efla stéttarfélög og
- 666. tengja þau hefðbundinni stjórnmalabaráttu.

- 667. **Fyrir hönd málefna hóps um vinnumarkaðs- og verkalýðsmál**
- 668. *Drífa Snædal og Torfi Stefán Jónsson*

7. Tillaga að viðauka við lýðræðis- og mannréttindastefnu VG

669. **7. Tillaga að viðauka við lýðræðis- og**
 670. **mannréttindastefnu VG**
671. **1. Í inngangi á eftir „... móta bæði samfélagið og eigið líf“ bætist eftirfarandi:**
672. Grundvallarforsendan til að það gangi upp er að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til
 673. uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis,
 674. kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar,
 675. heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.
676. **2. Í næstu málsgrein eftir „Sérstaklega þarf að huga að valdeflingu minnihlutahópa og þeirra sem**
 677. **hafa veika stöðu í samfélaginu og tryggja þeim viðeigandi aðstoð“ bætist við:**
678. „... og aðkomu að umræðu og ákvarðanatöku. Tryggja þarf fólki tíma til þátttöku með auknum
 679. sveigjanleika í samfélaginu og á vinnumarkaði s.s. með styttingu vinnudags, með sveigjanlegum
 680. vinnutíma, hlutastörfum og markvissri vinnu gegn staðalímyndum um kynjaða hlutverkaskiptingu í því
 681. sem snýr að fjölskylduábyrgð. og virða mannréttindi þess. Valdafyrirkomulag án tækifæra almennings
 682. til aðkomu almennings hefur fest sig í sessi í nafni lýðræðis.“
683. Við þá breytingu fellur eftirfarandi út: „Tryggja þarf fólki tíma til þátttöku og virða mannréttindi þess.
 684. Valdafyrirkomulag án aðkomu almennings hefur fest sig í sessi í nafni lýðræðis.“
685. **3. Í lok stefnunnar bætist við nýr undirkaflir sem hljóðar svo:**
686. d) Lýðræðislegt samfélag rúmar okkur öll
687. Til að lýðræðið nái að blómstra er nauðsynlegt að hvetja til og tryggja aðkomu allra sem vilja að
 688. umræðu og ákvarðanatök. Þar ber sérstaklega að huga að minnihluta og jaðarhópum án þess að ætla
 689. að allir sem tilheyra ákveðnum hópi skilgreini sig eins eða hafi sömu skoðanir.
690. **Nauðsynlegt er að tryggja:**
- 691. • Jafna þátttöku og áhrifa kvenna, karla, fólks af öðrum kynjum og þeim er ekki skilgreina kyn
 - 692. sitt. Einnig bera að huga að þátttöku fatlaðs fólks og tryggja þeim aðstæður til að taka virkan
 - 693. þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Það sama á við um
 - 694. • Að fötluðu fólki séu tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í samfélaginu og framlag allra
 - 695. sé metið að verðleikum. Vinstrihreyfingin grænt framboð telur að þau viðhorf sem ríkja í
 - 696. samfélaginu geti oft vegið þyngra í að koma í veg fyrir virka samfélagsþátttöku margra frekar
 - 697. en fötlun eða skerðing af einhverju tagi.
 - 698. • Rétt barna til að mynda sér skoðanir og aðkomu að ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar.
 - 699. Einnig bera að tryggja að komu eldra fólks að umræðu og ákvarðanatöku þó varast beri að líta
 - 700. svo á að allir séu eins þó þeir tilheyri ákveðnu aldurs skeiði.

- 701. • Að mismunun vegna holdafars, útlits eða líkamsgerðar verði upprætt. Framlag hvers og eins
- 702. skal metið að verðleikum án tillits til hæðar, þyngdar eða útlits.
- 703. • Að ekki sé mismunað vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna.
- 704. Samfélagið og stjórnvöld þurfa að fara að horfast í augu við að allt fólk er ekki gagnkynhneigt
- 705. og síð-kynja
- 706. • Jafnan rétt óháð trúar-, lífs- og stjórnmalaskoðana eða trúleysi.
- 707. • Að ekki sé mismunað eftir uppruna, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða
- 708. annarrar flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju.
- 709. • Rétt allra til að búa við frið og öryggi.

710. **Fyrir hönd málefnaþóps um alþjóða- og lýðræðismál**

711. *Auður Lilja Erlingsdóttir og Daníel E. Arnarsson*